



Grímsnes- og Grafningshreppur

Rebekka Rut Ingvarsdóttir

Félagsheimilinu Borg

801 SELFOSS

Garðabær, 2.5.2025

Málsnúmer: 202504-0025

IAS/BK/OKV

Efni: Efni: Vesturhlíð – Bíldsfell. Nýtt deiliskipulag.

Vísað er til erindis Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 10. apríl 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð innan landsins Vesturhlíð Bíldfells III (L192153).

Deiliskipulagssvæðið er um 97 ha að flatarmáli. Lóðir verða 92 og eru þær á milli 1/2 til 1 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Deiliskipulagssvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendi, en utan annarra verndarsvæða. Í námunda við svæðið er líka svæðið Sogið – Þingvallavatn, sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúru-minjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela, og svæðið Alviðra og Sog, sem er á C-hluta náttúru-minjaskrár.

Gróður

Fyrirhuguð frístundabyggð er á nokkurs konar lágheiði. Svæðið er almennt vel gróið en hér og hvar eru ummerki um að gróðurþekja og jarðvegur hafi rofnað. Rofsár hafa í tilfellum gróið upp þótt lítið grónir melablettir finnist.

Hlíðarnar næst Grafningsvegi eru, af loftmyndum að dæma, grónar lyngmóavist á láglandi með þéttri lyngþekju þar sem tegundir á borð við beitleyng, bláberjalyng og krækilyng eru áberandi. Þess konar lyngmói hefur í tilfellum verið rangt flokkaður á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar sem votlendisvistgerðir sem á við í þessu tilfelli. Því er líklegt er að lyngmóavist þekji meirihluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og votlendi sé lítið sem ekkert. Í lyngmóanum ber sums staðar allnokkuð á lágvöxnum trjám og runnum og eru þessi svæði kortlögð sem birkiskógar í vistgerðakortinu sem byggir á skógaþekju Skógræktarinnar. Í hlíðarrótum er land sums staðar grasgefið og gæti þar verið um grasmóavist að ræða eða eindregnar graslendisvistgerðir þótt ólíklegt teljist að þar sé um að ræða snarrótarvist líkt og vistgerðakortið gefur til kynna. Þá virðist af loftmyndum að dæma töluvert víðikjarr vera á svæðinu. Ofar á lágheiðinni verða gamburmosar meira áberandi í mólendinu og er þar því líklega að finna mósaík af lyngmóavist og mosamóavist.

Lyngmóavist á láglandi, grasmóavist, birkiskógar og flestar graslendisvistgerðir eru metnar með hátt verndargildi í vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands¹.



Fáar plöntuskráningar eru í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar frá þessu svæði svo að lítið er vitað um flóru þess.

Í greinargerð deiliskipulagsins segir að „Heimilt er að planta trjátegundum eins og birki og öðrum tegundum sem falla vel að náttúru svæðisins“. Þar sem svæðið er fyrst og fremst gróið náttúrulegum vistgerðum en framandi tegundir eins og alaskalúpína, skógarkerfill eða skógræktartré eru lítt áberandi væri ákjósanlegt að viðhalda þeirri ásýnd landsins. Plöntun trjáa og annars gróðurs mætti því vera bundin við innlenda flóru.

Fuglar

Náttúrufræðistofnun bendir á að Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Umrætt svæði er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum.

Skipulagssvæðið sem hér um ræðir er að miklu leyti í töluverðum halla en að jafnaði er minna um vaðfugla í slíku landi. En þar sem land er flatara uppi á fellinu má búast við töluverðu fuglalífi, t.d. heiðlóu og spóa.

Í aðalskipulagi sveitarfélagsins má sjá að mikið landflæmi hefur verið skilgreint sem annað hvort frístundabyggð eða skógrækt en hvoru tveggja getur falið í sér gríðarlegt búsvæðatap fyrir vaðfugla. Talningar á Suðurlandi benda til þess að ör fækkun sé að eiga sér stað hjá vaðfuglum og er líklegt að augin umsvif mannsins eigi þar hlut að máli². Fækkunar hefur einnig orðið vart í öðrum landshlutum og við næstu uppfærslu válista fugla mun tegundum vaðfugla í hættuflokkum fjölga (Náttúrufræðistofnun, í vinnslu).

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og þar ber hæst Samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity), Bernarsamningurinn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu, og AEWA-samningurinn um farfugla. Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig að tryggja verndun tegunda og er afar brýnt að sveitarfélög hugi að þessum skuldbindingum.

Náttúrufræðistofnun vill því hvetja sveitarfélagið til að marka sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.

Í því sambandi er bent á greinina *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla*³ en helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregnir saman í töflunni á næstu síðu.



Einfölduð tafla úr greininni *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla*³. Þættir sem geta stuðlað að ákjósanlegri verndarstöðu íslenskra vaðfuglastofna. Tillögurnar nýtast einnig mörgum öðrum hópum íslenskra fugla. Nánari útskýringar eru í megintexta greinarinnar.

Landgerðir	Aðgerðir
Opið land	Vaðfuglastofnar þrífast á opnu landi af ýmsum gerðum. Mikilvægt er að hafa sem stærst svæði á láglendi með sem minnstu af mannvirkjum og hávöxnum gróðri. Samanlögð áhrif þessa loka landslaginu og valda því að vaðfuglastofnum hnignar. Skilyrði fyrir vaðfugla fylgja hóflegri sauðfjárbætur og hefðbundinn sauðfjárbúskapur er líklega víða ein af forsendum fyrir sterkum vaðfuglastofnum.
Votlendi	Vernd og endurheimt votlendis er mikilvæg þar sem við verður komið. Votlendi er mikilvægt vaðfuglum og öðru dýralífi langt út fyrir mörk sín. Víða er hægt að viðhalda tjörnum og blautum blettum, og jafnvel búa til slíkt votlendi innan um land sem er í notkun, t.d. landbúnaðarland
Fjörur	Gagnlegt er að takmarka umferð manna og gæludýra um fjörur á fartíma á vorin og á varptíma (apríl-júlí) þar sem saman fara fuglarík svæði og mikil umferð, s.s. nálægt þéttbýli og við ferðamannastaði.
Áreyrar og sandar	Hálfgrónar eyrar og sandar á nokkrum afmörkuðum svæðum á landinu, oft meðfram ám og sjó, eru búsvæði verulegs hluta af heimsstofni spóa og fjölda annarra vaðfugla. Í bráð eru þessi svæði í hættu vegna ágengra tegunda, einkum lúpínu, og í lengd vegna loftslagsbreytinga og stýringar vatnsfalla. Rík ástæða er til að vernda verðmætustu svæðin fyrir landnámi lúpínu og fleiri hávaxinna jurta. Hér má til dæmis nefna eyrar meðfram ám á Suðurlandi og sanda við Óxarfjörð og Úthérað.
Skógrækt	Skógrækt, og önnur ræktun hávaxinna plantna, er skilvirk leið til að fækka vaðfuglum og er því mikilvægt að huga að skipulagi skógræktar bæði innan jarða en ekki síður á landsmælikvarða. Við skógrækt ætti að kappkosta að planta frekar færri og stærri skógum en fleiri og minni til að lágmarka lengd skógarjaðars þar sem skógarreitir minnka þéttleika vaðfugla langt út fyrir skógarmörk. Plöntun í halla og á sem minnst grónu landi lágmarkar einnig neikvæð áhrif skógræktar á flesta vaðfugla. Mest er af vaðfuglum á frjósömum og grónum láglendissvæðum og á slíkum svæðum hefur skógrækt mest áhrif á vaðfugla.
Landbúnaðarland	Landbúnaðarland er hagfelld sumum tegundum vaðfugla en mikilvægi þess virðist fara nokkuð eftir því hvað er í næsta umhverfi. Mikilvægt er að hlífa úthaganum í grennd við landbúnað sem mest fyrir öðru raski en hóflegri beit. Órækt í kringum ræktað land, s.s. breiðir óslegnir kantar í kringum spildur, gagnast sem hreiðurstæði. Mikilvægt er að viðhalda tjörnum og votlendi í kringum landbúnaðarland. Líkleggra er að ungar sleppi þegar tún eru slegin innan frá og út en öfugt.
Mólendi	Mólendi er enn víðáttumikið og stendur undir stórum stofnum vaðfugla á landsmælikvarða. Mólendi á láglendi og lágheiðum er mikilvægast. Suðurland er mikilvægasta landsvæðið fyrir vaðfugla en þar hefur mólendi verið skert mikið, einkum með frístundabyggð og skógrækt. Mikilvægt er að hlífa stærstu svæðunum sem eftir standa fyrir mannvirkjum og ræktun. Þar eru Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði í sérflokkum sökuðum stærðar.
Mannvirki	Vaðfuglar forðast háreist mannvirki, s.s. byggingar og vindmyllur, rétt eins og hávaxinn gróður og vegi. Best er að áhrifasvæði slíkra umsvifa skarast sem mest til þess að þau hafi áhrif á sem minnst flatarmál af búsvæðum vaðfugla á opnu landi. Mörk um fjarlægð milli vatns og mannvirkja (50 m) í skipulagsreglugerð eru of knöpp til að tryggja sjálfsagða fuglavernd.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

¹ Jón Gunnar Ottóson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.

² Pálsdóttir, A. E., Þórisson, B., & Gunnarsson, T. G. (2025). Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, 1-13.

³ Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn* 90 (2–3) bls. 145–162.